

72
31. maí**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið sé að hefja nú þegar byggingu 10 þús. mála sildarverksmiðju á Siglufirði. Samningaumleitarnir stjórnar sildarverksmiðja ríkisins um kaup á nauðsynlegum lóðarréttindum og mannvirkjum, sem á lóðunum eru, hafa ekki borið árangur og ber því brýna nauðsyn til, að þessi lóðarréttindi og mannvirki verði tekin eignarnámi.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt vegna sildarverksmiðja ríkisins að taka eignarnámi réttindi yfir lóðunum nr. 18 og 21 við Norðurgötu og nr. 2 við Þormóðsgötu á Siglufirði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, sem á þessum lóðum eru.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

73
31. maí**FORSETAÚRSKURÐUR**

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdarstjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild. Enn fremur utanríkismál.
- II. Ráðherra Áki Jakobsson. Undir hann heyra sjávarútvegs mál, þar undir Fiskifélagið, sildarútvegs mál (sildarverksmiðjur og Sildarútvegsnefnd), Fiskimálanefnd, utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Enn fremur Landssmiðjan, Atvinnudeild Háskólans, Rannsóknarráð ríkisins. Flugmál. Veðurstofan.

- 73
31. maí
- III. Ráðherra Brynjólfur Bjarnason. Undir hann heyra kennslumál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál. Menntamálaráð. Leikhúsa- og kvikmyndamál. Ríkisprentsmiðjan.
- IV. Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra kirkjumál, samgöngumál, þar undir vegamál, skipagöngur, atvinna við siglingar, Stýrimannaskólinn, skipaskoðun ríkisins. Póst- og símamál og loftskeytamál, vitamál, hafnarmál, mælitækja- og vogarmál, rafmagnsmál, þ. á m. Rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur ríkisins, iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög, eftirlit með verksmiðjum og vélum, einkaréttarleyfi, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorku-notkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur.
- V. Ráðherra Finnur Jónsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, þar undir framkvæmd hegningardóma, hegningarhús og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málf lutningsmenn, lögreglumálefni, þar undir gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, siljaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkishorgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnarmál og framfærslumál. Félagisdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingarsjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingarsjóðir, þar með talið Bruna-bótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir, byggingarfélag, heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherra, þar undir verzlunarskólar, verzlunarfélög, kaupfélög og samvinnufélög.
- VI. Ráðherra Pétur Magnússon. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjárukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð, eftirlit með innheimtumönnunum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningasláttu. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Enn fremur Hagstofa Íslands, mæling og skrásetning skipa, viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og utanríkisverzlun, önnur en verzlun með sjávarafurðir, bankamál og sparisjóðir, gjaldeyrismál, verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir), svo og landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélag, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 21. október 1944, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.